

AUGLÝSING

um breytingu á aðalskipulagi Snæfellsbæjar 1995-2015, Arnarstapi.

Samkvæmt 19. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997, hefur ráðherra þann 26. febrúar 2009 staðfest breytingu á aðalskipulagi Snæfellsbæjar 1995-2015 frá 8. júlí 1997.

Breytingin felst í eftirfarandi:

1. Svæði fyrir íbúðarbyggð við Gilbakka stækkar.
2. Gert er ráð fyrir nýju athafnasvæði fyrir trillur ofan Útnesvegur.
3. Íbúðarsvæði til norðurs nyrst í byggðinni á Arnarstapa stækkar á kostnað athafnasvæðis fyrir trillur og hesthúsasvæði sem jafnframt falla á brott.

Samkvæmt fyrirbyggjandi gögnum hefur málsmeðferð verið í samræmi við skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997 og Skipulagsstofnun yfirfarið erindið og sent ráðherra til staðfestingar.

Breytingin öðlast þegar gildi.

Umhverfisstofnun, 26. febrúar 2009.

F. h. r.

Magnús Jóhannesson.

Logi Kjartansson.